

Blómahlaupið haldið í fyrsta sinn

Blómahlaupið var haldið í fyrsta sinn við frábærar móttökur Hvergerðinga um helgina við litríka og fjölmenna þátttöku. Pétur G. Markan bæjarstjóri Hvergerðis ásamt Lárusi Jónssyni oddvita Okkar Hvergerðis ræstu hlaupinu í litadýrd við mikla gleði hlaupara, barna og fullorðna.

Sigurveggarar í 10 km hlaupi voru þeir Halldór Smáráson og Ívar Sæland.

Sigurveggarar í skemmtihlaupinu voru þeir Aron Vignisson 9 ár, Sindri Hrafn Alexandersson 6 ára og Þórsteinn Alex Atlason 5 ára. Stefnir Okkar

Hvergerði að því að halda BLÓMAHLAUPIÐ árlega.

Eftir hlaupið svaraði Pétur bæjarstjóri spurningum barnanna um lýðræðið og tók við áriðandi skilaboðum frá börnunum fyrir komandi kjörtímabil; Öll hús í Hvergerði eiga að vera Tívolileiksvæði fyrir börn þar sem öll börn geta leikið sér og verið glöð. Niðurstaðan úr samræðum bæjarstjóra og barnanna var sú að fallgasti og skemmtilegasti leikurinn er kærleikurinn og eiga allir, fullorðnir og börn, að leika sér í þeim leik alltaf, alla daga.



Sigurveggarar Blómahlaupsins í 10 km hlaupi, Halldór Smáráson og Ívar Sæland. Mynd: Eydlís Björk Guðmundsdóttir

Þjónustuhús Landsvirkjunar rís á Hellu

Fyrsta skóflustunga að nýju þjónustuhúsi Landsvirkjunar á Hellu var tekin þann 6. maí sl.

Ásbjörg Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs, tók skóflustunguna fyrir hönd Landsvirkjunar, Eggert Valur Guðmundsson, oddviti sveitarstjórnar Rangárbæinga ytra fyrir sveitarfélagið og Magnús Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Aleflis, fyrir hönd verktaka.

Húsið mun þjóna starfsemi tengdri Vaðölduveri, fyrsta vindorkuveri Íslands, og markar mikilvægt skref í uppbyggingu innviða fyrir rekstur vindorku hér á landi.

Í þjónustuhúsinu verður aðstaða fyrir starfsfólk Enercon, framleiðanda vindmyllanna í Vaðölduveri, auk starfsstöðvar Landsvirkjunar. Þar verða jafnframt verkstæði og geymslur fyrir varahluti í vindmyllunum.

Enercon hefur þegar ráðið íslenskt starfsfólk til að sinna viðhaldi vindmyllanna 28 sem rísa í Vaðölduveri. Starfsfólkið hefur

hlotið umfangsmikla starfsþjálfun víða um Evrópu og kemur heim með sérhæfða þekkingu á rekstri og viðhaldi vindorkuvirkjana.

Samkvæmt samningi Landsvirkjunar og Enercon mun fyrirtækið annast viðhald vindmyllanna fyrstu 15 ár reksturs Vaðölduvers.

Verktakafyrirtækið Alefli átti hagstæðasta tilboðið í byggingu þjónustuhússins og er heildarkostnaður framkvæmdarinnar áætlaður um hálfur milljarður króna. Gert er ráð fyrir að húsið verði tilbúið haustið 2027 þegar

Vaðölduver verður komið í fullan rekstur.

Þjósár- og Tungnaársvæðið er stærsta orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar, þar sem fyrirtækið rekur sjö vatnsaflsvirkjanir. Þá hefst bygging Hvammsvirkjunar á næsta ári, auk þess sem Vaðölduver verður fyrsta vindorkuver landsins.

Bygging þjónustuhússins styrkir því enn frekar starfsemi Landsvirkjunar á Suðurlandi og styður við uppbyggingu nýrrar þekkingar og sérhæfðra starfa á sviði endurnýjanlegrar orku.

RY



Stærstu þungaflutningar landsins komnir á skrið

Víðamiklir flutningar á vindmyllum fyrir Vaðölduver eru nú hafnir frá Þorlákshöfn og marka stærstu þungaflutninga sem ráðist hefur verið í hér á landi. Vindmylluhlutarnir eru fluttir sjóleiðina til hafnarinnar og þaðan um 130 kílómetra leið upp að Vaðölduveri við Sultartanga.

Alls verða 28 vindmyllur fluttar í tveimur áföngum árin 2026 og 2027. Hver vindmylla krefst um 13 sérleyfisflutninga og því er áætlað að heildarfjöldi ferða verði

um 300–400. Flutningalestirnir geta orðið allt að 250 metra langar og stærstu hlutarnir, spaðarnir sjálfir, eru um 68 metrar á lengd.

Flutningarnir fara að mestu fram að næturlagi sex daga vikunnar til að draga úr áhrifum á almenna umferð. Lögregla og Vegagerðin stýra framkvæmdunum og víða hefur þurft að breikka vegi, styrkja gatnamót og undirbúa flutningsleiðina sérstaklega fyrir verkefnið.



Mynd frá fyrstu vindmylluflutningum. Ljósmynd: Sveinn Bjarnason/Landsvirkjun

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og lofnetskerfi

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Árvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



ADALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

**40% afsláttur af skoðun
fyrir húsbíla og móturhjól
dagana 15 maí til 16 júní!**



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



**Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt
eftirfarandi skipulagslýsing að deiliskipulagi:**

Breytt vegtenging við Suðurlandsveg NV Hvolsvallar - Deiliskipulagslýsing

Um er að ræða deiliskipulagslýsingu sem tekur til breyttrar aðkomu Sólheima, L164188, Kornvalla, L164171 og Óldugarðs, L164463. Núverandi aðkomur eru frá Suðurlandsvegi og mæta ekki kröfum Vegagerðarinnar. Deiliskipulagslýsingin gerir ráð fyrir að ný aðkoma verði tengd við Ofanbyggðarveg.

Ofangreinda lýsingu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfræstur lýsingarinnar er frá 11. maí til og með 8. júní 2026. Athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst
eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:**

Miðtún - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir nýjum byggingarreit við Miðtún, L164184. Heimilt verður að byggja allt að 350 m² íbúðarhús með sambyggðum bílskúr, 250 m² skemmu, 100 m² gróðurhús og tvö 100 m² gestahús.

Ofangreinda tillögu er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfræstur lýsingarinnar er frá 13. maí til og með 25. júní 2026. Athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

Tímamót í húsnæðisuppbyggingu

Hveragerðisbær og Byggingafélag námsmanna ses. undirrituðu þriðjudaginn 5. maí viljayfirlýsingu um byggingu allt að 24 íbúða fyrir námsmenn við Gróðurmörk í Hveragerði.

Uppbyggingin er í samræmi við deiliskipulag sem nú er í vinnslu en gert er ráð fyrir að íbúðirnar verði 2ja herbergja, u.þ.b. 60 fermetrar að meðtalinni sameign. Auk íbúðanna er ráðgert að byggður verði sameiginlegur þjónustukjarni með þvottaadstöðu, hjóla- og vagnageymslu, ásamt lærdóms- og félagsrými fyrir íbúa nemendagarðanna.

Viljayfirlýsingin felur í sér að Hveragerðisbær lýsir vilja sínum til að úthluta Byggingafélagi námsmanna ses. lóð við Gróðurmörk undir uppbyggingu námsmannaíbúða í samræmi við framangreind áform ásamt því að leggja til stofnframlag til verkefnisins sbr. lög um almennar íbúðir nr. 52/2016, í formi niðurfellingar á lögbundnum gjöldum í samræmi við síðari samningagerð milli aðila.

„Uppbygging námsmannaíbúða í Hveragerði er stórt framfaraskref í byggðapróun og búsetugæðum í bænum. Að geta boðið stúdentum húsnæði og framlengt þannig tíma þeirra í Hveragerði og átt möguleika á að nýta menntum þeirra síðar meir í bænum er mikilvægt lífs-gæðaskref fyrir stúdenta og

fjölskyldur þeirra. Uppbygging námsmannaíbúða í Hveragerði, þeim fyrstu á svæðinu, er vísir að hjartri framtíð bæjarins sem við getum verið stolt af,“ segir Pétur Markan bærastjóri Hveragerðisbæjar.

Byggingafélag námsmanna ses. Hefur á síðustu árum byggt fjölda íbúða í Reykjavík og Hafnarfirði og hefur nú í rekstri tæplega 900 íbúðir sem leigðar eru til námsmanna. Byggingafélagið þjónustar nemendur allra skóla á háskóla- og framhaldsskólastigi. Samkvæmt könnunum hefur áhugi fyrir námsmannaíbúðum utan Reykjavíkur fæst stöðugt í vöxt með auknum möguleikum á fjarnámi.

Böðvar Jónsson, framkvæmdastjóri Byggingafélagsins :

„Fyrir þremur árum óskaði Byggingafélagið eftir samstarfi við nokkur sveitarfélög, á og í kringum höfuðborgarsvæðið, um uppbyggingu námsmannaíbúða. Hveragerðisbær tók, fyrst sveitarfélaga, forystu í því verkefni og hefur í góðu samstarfi við okkur, unnið að framgangi málsins. Það hlýtur að vera hagsmunamál allra sveitarfélaga að íbúar þeirra sem stunda nám og komnir eru á efri stig menntunar þurfi ekki endilega að flytja úr sveitarfélaginu sínu til þess að fá leigða nemendaíbúð á hagstæðum kjörum. Forystumenn Hveragerðisbæjar sáu þetta strax og fyrir það erum við hjá Byggingafélaginu afar þakklát. Við hlökkum til að vinna að þessari uppbyggingu í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld í Hveragerði.“



Sumaropnun á Selsvelli markar upphaf golfsumarsins á Flúðum

Mánudaginn 4. maí hófst Opnunarhringur sumarsins hjá Golfklúbbnum á Flúðum þegar fyrstu kylfingarnir gengu inn á sumarflatir Selsvallar. Það voru þeir Helgi Guðmundsson, Kristján Skarphéðinsson og klúbbmeistarinn Agnar Reiðar Róbertsson sem riðu á vaðið og settu tóninn fyrir komandi golfsumar.

Létt yfirbragð og eftirvænting einkenndu daginn enda greinilegt að sumarið er komið og kylfingar tilbúnir að taka fyrstu hringina. Sumarflatirnar eru tilbúnar, brautirnar að jafna sig eftir frostið og teigarnir farnir að taka vel við sér eftir veturinn.

Mikil vinna hefur farið fram síðustu daga hjá vallarnefnd og starfsfólki vallarins við að undirbúa völlinn fyrir opnun. Enn sem komið er eru það aðeins vinnubílar og tæki tengd rekstri sem mega fara um völlinn, en tilkynnt verður síðar hvenær almenn notkun golfbíla verður heimiluð.

Nýr rekstrarstjóri hóf einnig störf samhliða opnuninni. Einar Lárus Ragnarsson mun stýra skrifstofu klúbbsins og taka þátt í daglegum rekstri. Hann leggur áherslu á opið og aðgengilegt

starfsumhverfi þar sem hugmyndir félagsmanna fá að njóta sín.

Lif og fjör er einnig farið að færast í golfskálann. Matreiðslumeistarinn Guðmundur Rúnar hefur opnað eldhúsið á ný og býður meðal annars upp á hlaðborð bæði í hádeginu og á kvöldin. Félagsmenn og gestir eru hvattir til að sameina góðan golfhring og heimsókn í skálann þar sem boðið verður upp á fjölbreyttar veitingar.

Ýmsar framkvæmdir hafa einnig verið unnar á svæðinu síðustu vikur. Græna brúin við 13. teig hefur verið sett á sinn stað, unnið er að endurnýjun þaks á golfskálanum og nýir íbúðargámar fyrir starfsfólk hafa verið settir upp við norðurenda skálans. Húsanefnd klúbbsins



hefur því haft í mörg horn að líta á vormánuðum.

„Þetta er ekki bara nýtt tímabil, þetta er upphafið að einhverju miklu stærra heldur en bara frábærum þúttum og týndum boltum,“ segir Ottó Leifsson, formaður Golfklúbbsins á Flúðum.





XC Viðreisn í Árborg vill...

...ábyrga og gagnsæja stjórnsýslu sem byggir upp traust

...að vöxtur sé sjálfbær og taki mið af getu innviða

...tryggja öllum börnum sömu tækifæri til þátttöku óháð búsetu

KÍKTU VIÐ Á TRYGGVAGÖTU 2, SELFOSSI EÐA INN Á VIDREISN.IS/ARBORG



Til forystu fyrir Árborg

Samfylkingin og óháðir í Árborg hafa almannahagsmuni og jöfn tækifæri að leiðaljósi.

- Lækkum fasteignagjöld og álögur á íbúa og fyrirtæki í áföngum á kjörtímabilinu.
- Setjum þak á leikskólagjöld, veitum 100% systkinaafslátt og tryggjum nægt framboð leikskólarýma.
- Nýtum velferðartækni til að bæta þjónustu við eldra fólk og öryggi í heimahúsum.

Nýtum kosningaréttinn - með þínum stuðningi erum við reiðubúin að leiða nýjan meirihluta í bæjarstjórn Árborgar eftir kosningarnar laugardaginn 16. maí.

Kjördagskaffi í Tryggvaskála – kosningavakan verður á Sviðinu.

Kynntu þér stefnuskrána okkar xs.is/arborg.
Kosningaskrifstofa; Eyraveggi 23, Selfossi



Sunnlenski matgæðingurinn



Glazaðir lambaskankar í rauðvínssósú

Matgæðingur vikunnar er Sævar Birnir Stein-
arsson.

Takk Stína fyrir að skora á mig sem næsta mat-
gæðing vikunnar og vona að ég eigi ekki eftir
að verða þér til skammar.

Þegar ég elda heima er ég yfirleitt með allt í
pönnum og plöttum og reyni að hafa frekar
rustic og einfalt.

Ég tók mjög einfalda sunnudagsmáltíð sem
slær alltaf í gegn á mínu heimili.

Glazaðir lambaskankar í rauðvínssósú með
pikkluðum sinnepsfræjum og ferskum krydd-
jurtum og kartöflumús.

Lambaskankar í rauðvínssósú:

Lambaskankar
1 dolla rauðvínssósa frá kjötbúrinu
Vatn svo hylji yfir skanka
Salt og svartur pipar
4 stk. Stjörnuanis
1 stk. laukur
4 stk. gulrætur
1/2 selleríbúnt
1 lítil dós tómátþurra
1/2 flaska rauðvín
Sveppakraftur eftir smekk
Truffluolía eftir smekk
100 g smjör
Steinselja
Estragon

Aðferð:

Skankarnir brúnaðir á pönnu og kryddaðir með
salti og pipar og settir í ofnpott, sellerí, laukur
og gulrætur svitaðar á sömu pönnu og tóm-
atþurru bætt við. Þegar tómátþurran er aðeins
byrjuð að brenna er rauðvíni bætt við og soðið
niður og þá vatni bætt við. Öllu gumsinu hellt
yfir skankana þannig að vökvinn og grænmetið
fljóti yfir skankana ásamt stjörnuanis og eldað
á 100 gráðum í 4 tíma eða þangað til að lamba-
skankarnir eru orðnir mjúkir alveg í gegn.

Skankarnir því næst veiddir upp úr sodinu og
látirnir kólna (gott er að gera þetta deginum áður
og láta þá kólna í sodinu).

Soðið sigtað í pott og soðið niður þangað til
komið er kröftugt bragð í það og þá er bætt við
rauðvínssósunni frá Kjötbúrinu og smakkað til
með salti, pipar, sveppakrafti og truffluolíu.
Má þykkja með maizena eða hveiti ef fólk vill
og bæta svo við köldu smjöri rólega í endann.
Skankarnir eru settir uppréttir á pönnu og bak-
aðir í 210 gráðu heitum ofni í 10 mínútur. Þá
er hluta af sósunni hellt yfir skankana og þeir
bakaðir í 10 mínútur í viðbót á 160 gráðum. Þá
verða þeir stický og flottir.

Kryddjurtirnar saxaðar og settar yfir skankana
ásamt sinnepsfræjunum.

Pikluð sinnepsfræ

50 g gul sinnepsfræ

Mig langar til þess að skora á Baldur „Ghost tow“ Kristinsson sem er nýlega fluttur aftur í nafla
alheimsins. Ég veit að hann lumar á einhverjum svakalegum uppskriftum fyrir Sunnlendinga.

100 ml vatn
100 ml eplaedik
Öllu blandað saman og soðið
rólega í 20 mín og látið kólna yfir nótt.
Kartöflumús
1 kg bökunarkartöflur
200 g smjör
100 ml rjómi
Parmesan eftir smekk
Salt og pipar

Bökunarkartöflur soðnar í potti þangað til þær
eru mjúkar í gegn. Smjör og rjómi brætt saman
og hellt yfir kartöflurnar. Parmesanosti bætt
við og stappað vel saman eða hrært í hrærivél.
Ég kys að hafa hýðið með í músinni ef það er
smekksatriði.

Ferskt rauðkál með eplum og döðlum

1 haus rauðkál
2 stk. græn epli
1 poki döðlur
40 g ferskt dill og steinselja
3 msk. balsamic síróp
1/2 dl eplasafi
1/2 dl sítrónusafi
4 msk. extra virgin ólífuolía
Rauðkál rífið eða skorið fint og græn epli skor-
in í teninga. Döðlur saxaðar ásamt kryddjurt-
um, salti og pipar. Þessu blandað vel saman og
balsamic sírópi, eplasafa, sítrónusafa og olíu.
Þegar maður neglir í skankapartí verður maður
að hafa einhvern góðan eftirrétt tilbúinn þegar
það byrjar að opnast magapláss hjá gestum. Þá
er skothelt að vera með eina nýbakaða epla-
köku og vanilluís með kaffinu.


Eplakaka:

2 egg
200 g sykur
100 g smjör
200 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
1 msk. vanilludropar
Jarðarberjasulta
3 stk. græn epli
5 msk. kanilsykur

Aðferð:

Egg og sykur þeytt saman þangað til sykurrinn
er leystur upp og þá bræddu smjöri bætt rólega
við. Þurrfni sigtuð við og hrært við þangað
til vel blandað saman. Þá er deigið sett í köku-
form og sultan sett ofan á deigið, epli skorin í
fallega báta og kanilsykri blandað við. Eplum
raðað ofan á kökuna og kakan bökuð á 180
gráðum í forhituðum ofni í 35 mín eða þar til
hún er elduð í gegn.

Borið fram með rjóma eða vanilluís eða bæði.
Fullkomin sunnudagsmáltíð og góður endir
eða byrjun á næstu viku.



Vel heppnuð sýning Dansaka- demiunnar vakti lukku hjá yfir þúsund áhorfendum

Nemendasýning Dansaka-
demiunnar var haldin há-
tíðlega á Stóra sviði Borgarleik-
hússins um helgina. Sýningin
bar yfirheitið „Er ég verð stór“
og söguþráður sýningarinnar
snerist um kennara sem lagði
fyrir verkefnið „Hvað langar
mig að verða þegar ég verð
stór?“. 250 sunnlensk börn
komu fram og um 1.100 áhorf-
endur lögðu leið sína í leik-
húsið. Útkoman var töfrandi

leikhússtund þar sem nemendur
spreyttu sig í söng, leik og dansi.

Skólaárið sem er að líða hef-
ur verið einstaklega viðburða-
ríkt og gleðileg. Við erum ótrú-
lega þakklátar fyrir alla nem-
endurna sem dansa með okkur
vikulega og það leyndi sér ekki
að uppskeran var í samræmi við
vinnuna sem bæði kennarar og
nemendur höfðu lagt á sig síð-
asta árið.

Við viljum þakka foreldrum
fyrir mjög gott samstarf, jákvæð
samskipti og stuðning við nem-
endur heima fyrir. Það er okkur
hjáttans mál að nemendum
okkar líði vel og vegni vel, því
eru góð samskipti við foreldra
ómetanleg. Við vonum að við
sjáumst að ári liðnu á Stóra
sviðinu!

Kærleikskevðja frá kennara-
teymi Dansakademiunnar.

Meðfylgjandi myndir eru frá
Laufeyju Ósk Magnúsdóttur og
Sverri Erni Hlödverssnyri.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17,
800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir,
sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag
4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir
hádeggi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur
austan Heltisheiðar. Dagskráin
er aðili að samtökum bæjar-
og héraðsfréttablaða.

Prentun:
Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmíða

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Sumir henda sæinn í,
sumir láta á hausinn sinn.
Tengdu margar tölur því,
troða í bolta, þá ég vinn

Svar við gátu í blaði 2851: MERKI
AðvörunarMERKI. BæjarMERKI.
FriMERKI. LoftvarnarMERKI



Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

ÞETTA SNÝST

UM ÁRBORG

XB

Kæru íbúar Árborgar.

Árborg er samfélag í örum vexti og með mikla möguleika til framtíðar. Við í Framsókn viljum byggja sveitarfélag þar sem fjölskyldur njóta góðrar þjónustu, börn fá tækifæri til að blómstra og íbúar á öllum aldri búa við öryggi og góð lífsgæði

Við leggjum áherslu á ábyrga uppbyggingu og skýra framtíðarsýn þar sem innviðir, skólar og þjónusta fylgja þróun samfélagsins. Markmið okkar er að tryggja jafnvægi milli vaxtar, velferðar og ábyrgra fjármála. Samhliða því viljum við styðja við atvinnulíf, efla innviði og skapa umhverfi þar sem fjölskyldur, fyrirtæki og samfélagið allt geta dafnað til framtíðar.

Þetta snýst um að skapa gott líf fyrir okkur öll.

Við óskum eftir þínum stuðningi - setjum **x við **B** á laugardaginn!**

*Matthías Bjarnason
Elly Tómasdóttir*



www.xbarborg.is

First Water ræður þrjá nýja sérfræðinga til starfa

First Water, sem sérhæfir sig í sjálfbæru landeldi, vinnslu og útflutningi á laxi frá Þorlákshöfn, hefur ráðið þrjá nýja starfsmenn í lykilstöður hjá fyrirtækinu.

Sigurður Óli Sigurðarson hefur verið ráðinn sérfræðingur á fjármálasviði First Water. Hann mun starfa á sviði viðskiptaþróunar og koma að áætlanagerð, fjárfestakynningum og öðrum fjármálatengdum

verkefnum. Hann er með B.Sc.-gráðu í viðskiptum frá Coastal Carolina University og M.Sc.-gráðu í fjárfestingastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík og starfaði áður hjá PwC á Íslandi og Landsbankanum.

Vilborg Magnúsdóttir hefur verið ráðin öryggisstjóri First Water. Hún mun bera ábyrgð á öryggismálum, forvörnum og verkefnum tengdum uppbyggingu landeldisstöðvar fyrir-

tækisins í Þorlákshöfn. Vilborg er með meistaragráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands með áherslu á atferlismiðað öryggi og atferlismiðaða stjórnun. Hún hefur einnig lokið námi við Lögregluskóla ríkisins. Vilborg hefur víðtæka reynslu. Hún starfaði áður sem öryggis- og gæðastjóri innanlandsflugvalla hjá Isavia, sem rannsóknarlögreglumaður og hjá Sjóvá og Kynniserðum.

Sigmar Örn Sigþórsson hefur verið ráðinn tæknistjóri í vinnslu hjá First Water. Í því starfi mun hann hafa yfirumsjón með tæknibúnaði og verklegum þáttum framleiðslu- og vinnsluferfa.

Sigmar er vélfræðingur frá Vélskóla Íslands og með skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Hann hefur einnig lokið APME-námi í verkefnastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík. Hann starfaði um árabil hjá HS Orku sem vélfræðingur orkuvera og kerfisstjóri. Þá starfaði hann einnig

hjá Landsvirkjun og Orku Náttúru-
úrunnar.

„Það er mikill styrkur fyrir First Water að fá svo öflugan hóp sérfræðinga til liðs við fyrirtækið,“ segir Eggert Þór Kristófersson forstjóri félagsins. „Við erum á miklu upp-

byggingarskeiði, eldið gengur framur vonum og sölustarfsemin er komin á gott skrið og verkefnið hjá okkur eru afar fjölbreytt og krefjandi. Það er því mikilvægt að fá til starfa reynslumikið og öflugt fólk með fjölbreyttan bakgrunn.“

Náttúruleg

Útihúsgögn.is

Úti allt árið
ALVÖRU TRÉHÚSGÖGN
HANDSMÍÐUÐ GÆÐAVARA

Borðbekkir

Garðbekkir

Borðsett 4 – 12 manna

Hringborð

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Fyrirtæki og hótel

info@utihusgogn.is

SKOÐADU URVALIÐ



Tímamót í Þjórsárdal



Þann 6. maí sl. var skrifað undir sérleyfis- og lóðaleigusamninga á milli íslenska ríkisins og Bláa Lónsins hf. um uppbyggingu og rekstur þjónustumiðstöðvar og annarrar atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu í Þjórsárdal. Samningurinn er fyrsta skrefið í uppbyggingu gestastofu í mynni Þjórsárdals þar sem fjölbreytt þjónusta verður í boði fyrir ferðamenn en dalurinn er eitt merkasta náttúru- og sögusvæði Íslands.

Samningurinn er hluti af metnaðarfullri uppbyggingu sem Bláa Lónið hf. stendur að baki í Þjórsárdal, verkefnið í heild sinni er stærsta fjárfestingin í íslenskri ferðaþjónustu um þessar mundir. Auk starfseminnar í gestastofunni vinnur félagið að uppbyggingu hágæða hótels í Rauðukömbum, Mountain Retreat og Fjallabaðanna.

Framkvæmdir eru í fullum gangi og er stefnt að því að opna fyrsta hluta starfseminnar sumarið 2027 og að öll starfsemin verði komin í rekstur vorið 2028.

„Íslensk ferðaþjónusta er í hópi mikilvægustu útflutningsgreina landsins og skapar tekjur og störf víða um landið. Öflug ferðaþjónusta stuðlar auk þess að

fjölbreyttu mannlífi, afþreyingu og þjónustu sem allir geta notið. Það er þess vegna alltaf ánægjulegt þegar einkafjárfestar ráðast í miklar fjárfestingar sem gera Ísland enn áhugaverðara og fjölbreyttara í augum ferðamanna. Uppbyggingin í Þjórsárdal er metnaðarfullt og gott dæmi um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda í viðum skilningi á þessu merkilega náttúru og sögusvæði“ segir Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra.

„Ísland býr yfir mikilli sérstöðu og tækifærin fram á veginn liggja í upplifunar- og vellíðunarferðamennsku, við eigum fullt erindi á heimssviðið um þessar mundir. Hjá Bláa Lóninu starfar einstakur hópur starfsfólks við hönnun, vísindi og upplifun og þetta uppbyggingarverkefni er gott dæmi um þá hæfni, þá langtímasýn og það hugrekki sem einkennt hefur Bláa Lónið frá stofnun þess. Gestastofan og Fjallaböðin í Þjórsárdal munu til lengri tíma verða einn áhuga-verðasti áfangastaðurinn í ferðaþjónustu á Íslandi“ Segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Bláa Lónsins.



BERSERKIR BJJ
BRAZILIAN JIU JITSU

SUMARNÁMSKEIÐ Í BJJ

4 VIKNA NÁMSKEIÐ
Í BRAZILIAN JIU JITSU

Skemmtilegt, krefjandi og uppbyggilegt sumarnámskeið fyrir börn og unglinga. Byggjum sjálfstraust, tækni og félagskap.



7 TIL 11 ÁRA
4 VIKUR



12 TIL 16 ÁRA
4 VIKUR



SKRÁNING Á
ABLER.IO/SHOP/BERSERKIRBJJ



Árborg okkar allra

Bætt lífsgæði og léttari róður í Árborg

Kæru íbúar Árborgar

D-listinn í Árborg býður fram öfluga liðsheild, sem hefur bæði reynslu og metnað til að vinna vel og að heilindum fyrir íbúa Árborgar. Liðsheild með skýra framtíðarsýn og vilja til að létta undir og bæta daglegt líf okkar sem hér búum.

Við ætlum að létta róðurinn og tryggja ábyrga fjármálastjórn sem skilar sér í lægri álögum á íbúa og fyrirtæki. Byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og sterka innviði í fjölskylduvænu samfélagi þar sem íbúar á öllum aldri geta sótt þjónustu og fengið störf við hæfi. Þá ætlum við enn fremur að ráðast í uppbyggingu útivistar- og frístundasvæða enda ekkert sem skiptir lífsgæði íbúa meira máli til lengri tíma. Að síðustu leggjum við ríka áherslu á að fjölbreytt þjónusta sveitarfélagsins sé í takti við þarfir íbúa á öllum æviskeiðum sem ýtir undir farsæld og lífsgæði í Árborg okkar allra.

Kæru íbúar, við höfum sem samfélag farið í gegnum erfið ár og með hjálp ykkar náð góðum árangri saman. Við erum á réttri leið og óskum eftir áframhaldandi stuðningi ykkar til góðra verka.

Ég hvet ykkur öll til að mæta á kjörstað laugardaginn 16. maí og styðja D-listann til sigurs.

Bragi Bjarnason, bæjarstjóri og oddviti D-listans í Árborg.

Kjörstaðir í Bláskógabyggð



Kjörstaðir í Bláskógabyggð vegna sveitarstjórnarkosninga hinn 16. maí 2026 eru tveir:

- I. Félagsheimilið Aratunga, Reykholti, fyrir íbúa í Biskupstungum og einstaklinga með ótilgreint heimilisfang.
- II. Bláskógaskóli Laugarvatni, Lindarbraut 6, fyrir íbúa í Laugardal og Pingvallasveit.

Kjörfundur hefst í báðum kjördeildum kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Talning atkvæða hefst að kjörfundi loknum og fer hún fram í félagsheimilinu Aratungu.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki og framvísa þeim ef óskað er.

Reykholti 8. maí 2026
Yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar

Tónleikar í minningu Jónasar Ingimundarsonar í Salnum

Það verður sannkölluð söngveisla af bestu gerð í Salnum í lok maímánaðar. Tílefni tónleikanna er stofnun sjóðs í nafni okkar ástkæra tónlistarvinnar og tónlistarsníllings, Jónasar Ingimundarsonar, sem sunnlendingum er vel kunnur.

Jónas bjó á Selfossi um 1970 og var þá driffjöður í tónlistarlífi staðarins. Hann kenndi tónlist, stjórnaði kórum og var órjúfanlegur hluti af tónlistarlífi landsins. Árið 2010 fékk Jónas Ingimundarson Selfosssprotann – viðurkenningu fyrir framlag sitt til menningarmála í bænum. Tónlist fyrir alla – tónleikahald sem einnig hófst undir forystu Jónasar – var honum mjög hugleikið.

Nýlega hefur Kristín Sigmundsson, óperusöngvari við Metropolitan-óperuna, haft frumkvæði að minningartónleikum til að stofna sjóð í nafni Jónasar Ingimundarsonar sem mun styrkja unga söngvara og píanóleikara til náms og á annan hátt. Allur hagnaður af tónleikumunum rennur í nýstofnaðan sjóð.



Á tónleikumunum kemur fram fjölbreyttur hópur klassískra söngvara sem hefur sungið víða á Íslandi og erlendis með frábærum árangri.

Við vonumst til að geta fylgt ástríðu Jónasar Ingimundarsonar og trú hans á að tónlist sé fyrir alla. Við hlökkum til að sjá ykkur sunnlendinga í Kópavogi þann þritugasta maí klukkan tvö, á afmælisdegi Jónasar Ingimundarsonar. Það verður sannkölluð hátíðarstemning.

Söngvinnir Jónasar Ingimundarsonar

FJÖR Í FLÓA
2026

VELKOMIN Í FLÓAHREPP

13.- 16. maí

ÍBÚAR Í FLÓAHREPPI BJÓÐA GESTI VELKOMNA Á ÞESSA STÓRSKEMMTILEGU FJÖLSKYLDU OG MENNINGARHÁTÍÐ SEM ER STÚTFULL AF SKEMMTUN

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR

Flóahreppur.is
FB Fjör í Flóa
& Instagram Menning í Flóa

Skannið kóða fyrir dagskrá

FLÓAHREPPUR UMF ÞJÓTANDI Kvenfélögin í Flóahreppi HEILSUEFLANDI samfélag veitiban fyrir alla



MYND ÞÍN MILLI FINGRA MINNA

Kvöld nokkurt gekk ég meðfram vatninu, mamma. Svanirnir syntu hægt á yfirborði þess í mjúkri birtu sólseturs. Fölur máni speglaðist á vatninu og þreytulegu andliti þínu.

En þú ert hér ekki lengur. Máninn forðar sér og villist á öldunum með fagurri mynd þinni og minningu næturinnar. Ég dýfi höndunum í vatnið: nú held ég á mynd þinni milli fingranna og gæli við hana.

IRMA KURTI, ÍTALÍU - ALBANÍU

Úr "Your image between my fingers – Tu imagen entre mis dedos", *Independently Poetry*, 2023 Chile



Sértilboð á okkar vinsælustu bílum



Škoda Elroq 85x 4x4

Tilboðsverð frá 6.290.000 kr.*

Fullt verð frá 7.190.000 kr. (400.000 kr. afsláttur)

Gerðu góð
kaup!



Audi Q4 S-line

Tilboðsverð frá 8.990.000 kr.*

Fullt verð frá 9.990.000 kr. (500.000 kr. afsláttur)



VW ID.4 4Motion

Tilboðsverð frá 6.690.000 kr.*

Fullt verð frá 7.790.000 kr. (600.000 kr. afsláttur)

*Með Orkusjóðsstyrk



Hrísmýri 3 • Sími 480 4000 • www.bilasalaselfoss.is

Auglýsing um kjörfund vegna sveitarstjórnarkosninga 16. maí 2026 í Sveitarfélaginu Árborg



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Árborg
verður haldinn laugardaginn 16. maí 2026.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið er í sjö kjördeildum. Skipt er í kjördeildir eftir lögheimili þann 8. apríl 2026.

Kjörstaður í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi (kjördeildir 1-5)

Aðalinngangur á kjörstað í Vallaskóla er frá Engjavegi.

1

Kjördeild 1

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum **A - Á og P auk Háengi**.

2

Kjördeild 2

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum **B - E auk Fossvegs**.

3

Kjördeild 3

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum **F - H en ekki við Fossveg og Háengi**.

4

Kjördeild 4

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum **J - R og ótilgreint lögheimili** í sveitarfélaginu.

5

Kjördeild 5

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum **S - V og í húsum á Selfossi sem bera sérstök heiti**.

Kjósendur geta kannað
hvar þeir eru á kjörskrá
og í hvaða kjördeild
á vefslóðinni
www.kosning.is

Kjósendum er skylt
að framvísa persónu-
skilríkjum með mynd
á kjörstað.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á
kjördegi verður í
Vallaskóla, Sólvöllum 2,
Selfossi, sími 480 5806.

Kjörstaður í grunnskólanum á Stokkseyri, Stjörnusteinum 2 (kjördeild 6)

6

Kjördeild 6

Kjósendur með lögheimili á Stokkseyri, í dreifbýli við **Stokkseyri og í póstnúmeri 801, en ekki í Tjarnabyggð**.

Kjörstaður í samkomuhúsinu Stað á Eyrarbakka, Búðarstíg 7 (kjördeild 7)

7

Kjördeild 7

Kjósendur með lögheimili á **Eyrarbakka, í dreifbýli við Eyrarbakka og í Tjarnabyggð**.

Selfossi, 5. maí 2026

Yfirkjörstjórn
Sveitarfélagsins Árborgar

Ingimundur Sigurmundsson
Steinunn Fjóra Sigurðardóttir
Steinunn Erla Kolbeinsdóttir

BLACK+DECKER DAGAR

Allar vörur
VERKFÆRI, GARDVERKFÆRI, SLÁTTUVÉLAR O.F.L.

20-40%

Skoðaðu tilboðin

20%

Laufsuga/Blásari 36V
Með 2.5Ah rafhlöðu og hleðslutæki. 5082945

45.590 kr
56.990 kr

20%

Rafmagnskedjusög
1800W, Hraði keðju 13,5 m, þyngd 4.66 kg. 5083681

22.900 kr
28.990 kr

20%

Rafmagnssláttuvél
1600W, 38 cm sláttubreidd, 45 ltr. safnpoki. 5085141

35.900 kr
45.590 kr

33%

DeWALT

Borvél, 18V
Kolalaus vél, úrval af fylgihlutum. 5159349

39.900 kr
59.990 kr

21%

DeWALT

Bútsög, 18V
Kolalaus motor Án rafhlöðu og hleðslutækis. 5159348

79.900 kr
101.990 kr

20%

IKRA

Rafmagnssláttuvél
40V. Fylgir tvær 20V, 2.0Ah rafhlöður og tvöfalt hleðslutæki. 5085141

43.900 kr
54.990 kr

20%

AL-KO

Rafmagnssláttuvél
46 cm sláttubreidd ásamt 60 ltr. grasasafnar. 5085177

55.900 kr
69.990 kr

25%

Enders

Pizzaof 16"
Með snúningdiski. 3003070
Kynningarverð

29.990 kr
39.990 kr

28%

Stjúpur, 10 stk.
10210630

1.990 kr
2.790 kr

33%

Enders

Gasgrill Chicago Next 3 Turbo
800°C 4.2kW. Með innrauðu neti: nær fljótt hita. Fjöldi aukahluta. 3 ryðfríir brennarar. Afl 10,6 kW. 3003090

39.990 kr
59.990 kr

BJÖRGUM SUMRINU

GASGRILL • SLÁTTUVÉLAR • HEKKKLIPPUR • ORF • PALLAEFNI • VIÐARVÖRN
SUMARBLÓM • VERKFÆRI • GLUGGAR • BÍLSKÚRSHURÐIR • GARÐHÚS • TRAMPÓLIN
HÁPRÝSTIDÆLUR • GARÐHÚSGÖGN • HEITIR POTTAR • SAUNATUNNUR

OPÍÐ Á UPPSTIGNINGARDAG KL. 11-15

20%

TEXAS

Sláttuvél Razor 4610
Bensinmotor 139 cc/2,3kw, sláttubreidd 46 cm, 65 ltr. safnari, þyngd 30 kg. 5085301

59.900 kr
75.290 kr

Bensinláttuvél

25%

LANDMANN

Gasgrill
2 brennarar. Grillflötur er 50x35 cm. Afl er 6 kW. 3003053

22.490 kr
29.990 kr

OKKAR LÆGSTA VERÐ

20%

Hortensía
Stór og falleg. 11219108

5.490 kr
6.990 kr

Kjörstaðir í Sveitarfélaginu Árborg



Kjörfundur í Sveitarfélaginu Ölfusi sveitarstjórnarkosningar 2026



Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga í Sveitarfélaginu Ölfusi verður haldinn laugardaginn 16. maí 2026.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið verður í Versölum – Ráðhúsi Ölfuss.

Talning atkvæða fer fram á sama stað að loknum kjörfundi.

Athugið að kjördeildir í Ölfusi eru nú **tvær** og eru þær báðar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn:

- **Í kjördeild 1** kjósa þeir sem hafa heimilisfang (bæjarnafn eða götuheiti) sem byrja á bókstöfunum **A-K**
- **Í kjördeild 2** kjósa þeir sem hafa heimilisfang (bæjarnafn eða götuheiti) sem byrja á bókstöfunum **L-Ö og kjósendur sem eru með ótilgreint lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi.**

Sérstök athygli er vakin á því að kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd. Þeir sem notast við rafræn ökuskírteini verða að vera með island.is appið í símanum.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördegi er á kjörstað.

Kjörstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss

Auglýsing um kosningar til sveitarstjórnar í Grímsnes- og Grafningshreppi sem fara fram laugardaginn 16. maí 2026

Tveir listar eru í kjöri:

A- listi Framboðslisti um öflugt samfélag í vaxandi sveitarfélagi

1. Guðmundur Finnbogason Skólastjóri, Hraunbraut 12
2. Rebekka Lind Guðmundsdóttir Umsjónarkennari, Hólsbraut 18
3. Bergur Guðmundsson Þjónustumaður DeLaval, Brjánsstöðum
4. Ragnheiður Eggertsdóttir Matráður, Upphæðum 17
5. Pétur Thomsen Myndlistarmaður, Upphæðum 3
6. Dagný Davíðsdóttir Proskapjálfi, Hraunbraut 27
7. Sigurður Yngvi Ágústsson Smiður/Bóndi, Stærri - Bæ
8. Halldór Þorbjörnsson Áhaldahús/Reiðkennari, Miðengi 6
9. Örvar Bjarnason Kerfisfræðingur, Ásgarði 2
10. Sigríður Kolbrún Oddsdóttir Heldri borgari, Snæfoksstöðum 99

Ö - listi Betri sveit - fyrir okkur öll

1. Andrés Bertelsen Rekstrarstjóri, Ótilgreint heimilisfang
2. Ragna Ívarsdóttir Athafnakona, Ótilgreint heimilisfang
3. Friðrik Guðmundsson Aðstoðar vallarstjóri GÖ, Stóra - Hálsi
4. Viðar Marinósson Löggiltur fasteignasali, Ótilgreint heimilisfang
5. Gunnlaugur I. Ingimarsson Rekstrarstjóri, Undirhlíð 12
6. Sandra Gunnarsdóttir Athafnakona, Ótilgreint heimilisfang
7. Karl Heimir Karlsson Útvarpsmaður, Vaðnesi
8. Sigríður Björnsdóttir Skrifstofustjóri, Ótilgreint heimilisfang
9. Lára Valgerður Júlíusdóttir Lögmaður, Ótilgreint heimilisfang
10. Guðjón Kjartansson Sölumaður, Vaðnesi

Kjörstaður verður í ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI á Borg í Ípróttasalnum.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00

Kjósendur geri grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Atkvæði verða talin á sama stað strax að kjörfundi loknum.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

Þegar sveitarstjóri talar niður til íbúa sinna dapurleg staða í Grímsnes- og Grafningshreppi

Það er fátt sem særir traust íbúa gagnvart sveitarfélagi sínu meira en þegar sá sem á að þjónusta alla íbúa talar niður til hluta þeirra opinberlega. Mér var því fullkomlega misboðið að heyra og lesa ummæli sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps í útvarpsviðtali á Bylgjunni og síðar í grein á Vísí.is í dag.

Sveitarstjóri er starfsmaður sveitarfélagsins. Hlutverk hennar er að vinna í umboði allra íbúa, óháð skoðunum þeirra, búsetuformi eða því hvort þeir falli að pólitískum áherslum meirihlutans hverju sinni. Hún á að gæta fagmennsku, hlutleysis og virðingar í allri sinni framkomu.

Þess vegna er óásættanlegt þegar sveitarstjóri talar um hluta íbúa eins og þeir séu einhvers konar „utanaðkomandi þrýstihópur“ eða jafnvel afætur á samfélaginu. Slík orðræða á ekki heima hjá þeim sem á að leiða stjórnslu sveitarfélagsins af yfirvegun og sanngirni.

Ég flutti hingað af því að ég elskaði samfélagið og umhverfið. Ég byggði hér hús, skráði hér lögheimili, gekk í kvenfélagið, á viðskipti við verktaka úr sveitinni, fer í sund og ræktina á Borg, heimsæki Sólheima, versla blóm á Ártanga og tek þátt í samfélaginu eins og aðrir íbúar. Ég greiði hér skatta eins og aðrir og legg mitt af mörkum til samfélagsins.

Samt er talað um fólk eins og mig eins og við séum ekki „alvöru“ íbúar heldur einhvers konar vandamál sem hafi verið smalað inn í sveitarfélagið í pólitískum tilgangi. Það er bæði niðrandi og ósanngjarnt.

Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar voru gefin skýr loforð um aukið samtal við íbúa í frístundabyggð. Þeir sem nú sitja við stjórn töluðu um samráð, hlustun og betri samskipti. Eftir kosningar var haldinn einn fundur, síðan ekkert. Engin raunveruleg viðleitni til samtals. Engin eftirfylgni. Engin virðing fyrir þeim íbúum sem treystu þessum loforðum. Og nú eru sömu aðilar í framboði aftur.

Þegar fólk upplifir að það sé ekki hlustað á það gefst það að sjálfsgöðu upp á endanum.

En það réttlætir aldrei að sveitarstjóri tali með þeim hætti sem nú hefur verið gert. Það vekur einnig spurningar þegar sveitarstjóri, sem á að vera ópólitískur starfsmaður sveitarfélagsins, er samtímis kjörinn fulltrúi í öðru sveitarfélagi. Í slíku hlutverki



þarf að gæta sérstaklega að trúverðugleika, fagmennsku og því að almenningur upplifi að stjórnslan sé hlutlaus.

Það eru kjörnir fulltrúar sem eiga að setja fram pólitísk loforð og móta stefnu sveitarfélagsins. Sveitarstjóri á hins vegar að framfylgja þeirri stefnu af fagmennsku og vinna fyrir alla íbúa, ekki taka þátt í því að skipta fólki upp í „okkur“ og „hina“.

Traust byggist á virðingu. Virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum, virðingu fyrir fólki og virðingu fyrir því að allir íbúar sveitarfélagsins eiga jafnan rétt á því að fá sanngjarna og málefnalega framkomu frá stjórnslunni.

Ég vil búa í sveitarfélagi þar sem fólk er ekki talið minna virði vegna þess að það hefur aðrar skoðanir eða passar ekki inn í fyrirfram skilgreinda mynd af því hver sé „réttur“ íbúi. Ég vil samfélag þar sem stjórnslan þjónar öllum íbúum af virðingu.

Mér þykir sérstaklega sárt og mikil vonbrigði að heyra sveitarstjóra tala með þessum hætti um fólkið sem hún á að þjóna. Ég vil aldrei sjá starfsmann sveitarfélags, bæjarfélags eða borgar tala niður til íbúa sinna með þessum hætti. Sama hvaða skoðanir fólk hefur eða hvaðan það kemur, þá á það rétt á kurt-eisri, málefnalegri og virðingarfyllri framkomu frá þeim sem eru ráðnir til að starfa í þágu almennings.

Þess vegna ætla ég að kjósa breytingar.

Því sveitarfélag á að vera samfélag ekki valdakerfi sem talar niður til fólksins sem stendur undir því.

Höfundur er Póra Gunnarsdóttir, íbúi í Grímsnes- og Grafningshreppi og stuðningsmaður Ö lista Betri sveitar – fyrir okkur öll.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

Börnin í forgang

Menntamál eru eitt mikilvægasta verkefni sveitarfélaga. Ekki aðeins vegna þess að þau eru einn stærsti kostnaðarliðurinn heldur vegna þess að þar leggjum við grunn að næstu kynslóðum og því samfélagi sem við viljum byggja upp.

Góðir leik- og grunnskólar eru hjarta hvers sveitarfélags. Um þá hverfist búseta. Við höfum séð það gerast í öðrum sveitarfélögum að þegar skólastarf veikist eða hverfur þá fer að fjara undan samfélaginu. Við erum hins vegar í þeirri stöðu í Grímsnes- og Grafningshreppi að vera stækkandi sveitarfélag og það er tækifæri sem við viljum nýta vel. Við erum með stækkandi þéttbýliskjarna ásamt öðrum búsetuurræðum um allan hrepp og við þurfum að geta tekið á móti því fólki sem að kemur til að búa hér í sveitarfélaginu, byggja það upp og vera hluti af samfélaginu.

Fjölgun íbúa kallar á aukna uppbyggingu. A-listinn er því með uppbyggingu á skólum á málum á sinni stefnuskrá. Það er mikilvægt að við séum ekki alltaf skrefi á eftir heldur undirbúum okkur tímanlega og tökum ákvarðanir sem standast til lengri

tíma. A-listinn leggur því áherslu á að ráðast í stækkun leikskólans á þessu kjörtímabili, sem jafnframt mun skapa meira rými í grunnskólanum.

Barnafjölskyldur eru lykillinn að áframhaldandi uppbyggingu. Þess vegna þurfum við að horfa á málin í stærra samhengi en eingöngu húsnæði. Við viljum skapa aðstæður sem gera daglegt líf fjölskyldna einfaldara og betra. Aðgengi að íþrótt- og tómstundastarfi skiptir þar miklu máli og í dreifðu sveitarfélagi getur það verið áskorun. A-listinn vill skoða frístundaakstur svo öll börn hafi jafnan aðgang, óháð búsetu.

Við viljum einnig halda leikskólajöldum í lágmarki og tryggja áfram fríar skólamáltíðir. Þá viljum við einnig skoða leiðir til að styðja betur við foreldra yngstu barnanna, meðal annars með því að meta möguleika á heimgreiðslum sem auka valfrelsi fjölskyldna og setja hag barna í forgang.

Efling skólaþjónustu er einnig lykilatriði. Með því að styrkja þá þjónustu sem við fáum í samstarfi við Skólaþjónustu Árnesþings og aðra sérfræðinga getum



Rebekka Lind
Guðmundsdóttir

2. sæti framboðs A-listans í Grímsnes- og Grafningshreppi

KOSNINGAR 2026



við betur mætt fjölbreyttum þörfum nemenda og stutt bæði börn, foreldra og starfsfólk.

Í allri þessari vinnu skiptir samtalið mestu máli. Menntamál snúast um daglegt líf fólks, líðan barna, stuðning og öruggt umhverfi. Þess vegna þurfum við að hlusta og vinna í nánun samstarfi við þau sem þekkjast best til, börnin, starfsfólkið og skólasamfélagið allt.

Við í sveitarfélaginu getum verið hreykin af öflugum skólastarfi í Kerhólsskóla og mikilvægt er að halda í og styrkja þann góða mannauð sem er til staðar. Við í A-listanum viljum áfram styrkja skólastarf sem við getum verið stolt af og skapa samfélag í Grímsnes- og Grafningshreppi þar sem fjölskyldur vilja búa. Þar sem börn fá að blómstra og þar sem horft er til framtíðar með ábyrgum og skynsömum hætti.

Stöndum áfram saman

Á laugardaginn 16. maí Ágöngum við til kosninga og kjósum fólk sem við treystum til að fara með umboð okkar næstu fjögur árin hér í Sveitarfélaginu Árborg.

Ég hef verið bæjarfulltrúi í Árborg í 14 ár og hefur það verið mér sannur heiður að fá að þjóna íbúum sveitarfélagsins þessi ár og er ég tilbúinn að leggja allt mitt af mörkum til þess að gera okkar samfélag betra.

Ég hef á mínum bæjarstjórnarárum sinnt menningarmálum meðal annars og við í menningarnefnd höfum staðið fyrir ótal mörgum viðburðum og var það því einkar ánægjulegt á dögunum þegar við settum 13 viðburði á Youtube rás sveitarfélagsins sem er öllum aðgengileg. Þetta voru meðal annars Dönsku mjólkurfræðingarnir, Steina spil kvöldið, Byggðarhornsfjör, Sögur af Bakkanum, Málþing á Stokkseyri, KA kvöld og margt fleira. Í stuttri grein kys ég að nefna þetta en gæti þó nefnt að verkefni okkar á næsta kjörtímabili er að skila til baka til íbúa og fyrirtækja hækkuðum álögum sem við af



Kjartan Björnsson
forseti bæjarstjórnar og 6. maður á D-listanum í Árborg

KOSNINGAR 2026



illri nauðsyn lögðum á vegna slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Ég mun áfram berjast fyrir málefnum eldra fólks í okkar samfélagi, framgangi aðstöðu- og sköpunar fyrir blómlega menningu í sveitarfélaginu. Svo eru krefjandi verkefni í að bæta aðstöðu fyrir íþrótt- og frístundastarf í okkar öflugum samfélagi auk þess að halda vel utan um fjármálin sem er undirstaða þess að við höldum okkar sterku stöðu.

Ég vil hvetja ykkur kærur samborgarar til þess að kynna ykkur vel stefnur og strauma og þá veit ég að þið munuð finna samhljóm með okkur á D listanum. Ég gaf kost á mér í baráttusæti listans og samfélagið okkar er mín ástríða, því heiti ég á ykkur að hjálpa mér yfir þröskuldinn á laugardaginn með því að merkja X við D.

Sveitarstjórnarkosningar í Hveragerðisbæ 16. maí 2026



Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kjösendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Þá er óheimilt að vera með áróður á eða við kjörstað meðan á kjörfundi stendur svo sem barmmerki og/eða merkingar á bifreiðum.

Kjörfundur í Hveragerði vegna sveitarstjórnarkosninga laugardaginn 16. maí 2026 hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00 þann dag í Grunnskólanum í Hveragerði við Skólamörk 6.

Kosið verður í tveimur kjördeildum.

Kjördeild 1

kjósa þeir sem hafa heimilisfang

frá Aldinmörk til Heiðmarkar auk þeirra sem eru óstaðsettir í hús og þeirra sem búa erlendis og njóta kosningaréttar í Hveragerði.

Kjördeild 2

kjósa þeir sem hafa heimilisfang

frá Helluhrauni til Öxnalækjar.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördegi er í

Grunnskólanum í Hveragerði við Skólamörk 6.

Aðgengi að kjörstað

Gengið er inn um aðalinngang, vestan megin, við íþróttahúsið.

Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er austan megin, frá Reykjarmörk.

Hveragerði, 29. apríl 2026

Yfirkjörstjórn Hveragerðisbæjar.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynntar eftirfarandi tillögur deiliskipulags:

1. Tryggvatorg og Árbakkasvæðið - Endurskoðun deiliskipulags

Framlögð tillaga endurskoðunar deiliskipulags fyrir Tryggvatorg og Árbakkasvæðis felur í sér skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda í takt við gildandi deiliskipulag. Að auki eru lóðarmörk, áningarstaðir og göngustígar skilgreindir.

2. Tjaldstæði í Hellislandi - Deiliskipulag

Framlögð tillaga tekur til nýs tjaldsvæðis í landi Hellis, reitir AF6 og SL1 innan aðalskipulags Árborgar 2020-2036. Á reit AF6 er gert ráð fyrir nýju tjaldsvæði fyrir Selfoss. Reitir SL1 er að uppistöðu svæði Hellisskógs. Megin hluti Hellisskógar er þá norðan nýr þjóðvegur og hefur eingöngu verið gróðursett meðfram ánni sunnan nýs þjóðvegur. Gert er ráð fyrir að hluti þess verði nýttur undir tjald- og útivistarsvæðis vegna stærri viðburða í bæjarfélaginu. Skipulagið nær þá að hluta inn á svæði AT2 (athafnasvæði), en þar hefur með breytingu á deiliskipulagi verið felld niður athafnalóð. Skipulagsvæðið er í heild um 19 ha að stærð, þar af svæði AF6 um 9,4 ha og svæði SL1 um 9,6 ha.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýstar eftirfarandi tillögur deiliskipulags:

3. Merkisteinn 1 L166113 - Deiliskipulag

Framlögð tillaga nýs deiliskipulags tekur til lóðar Merkisteinsvalla 1 á Eyrarbakka innan íbúðarsvæðis ÍB45. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir fjögur stakstæð hús á tveimur hæðum með mænispaki.

4. Ljónsstaðir - Ljón 1-3 - Deiliskipulag

Framlögð tillaga nýs deiliskipulags tekur til þriggja lóða úr landi Ljónsstaða 1, hver um sig um 1 ha að stærð. Í deiliskipulaginu felst heimild til uppbyggingar á íbúðarhúsi ásamt sambyggðri bílgeymslu auk húsnæðis fyrir landbúnaðartengda starfsemi og/eða minniháttar atvinnustarfsemi ótengdri landbúnaði.

5. Deiliskipulag hesthúsasvæðis - Hestamannafélagið Sleipnir

Tillaga deiliskipulags fyrir hesthúsasvæði Íþ2 á Selfossi var felld úr gildi með úrskurði ÚUA þess efnis þann 21. apríl 2026. Að mati Úrskurðarnefndar var ekki fjallað með fullnægjandi hætti um umhverfisáhrif deiliskipulagsins til þátta eins og lyktar, rykmyndunar, hljóðvistar, umferðarálags og áhrifa á sjónræna þætti. Uppfærð tillaga með ítarlegra mati á umhverfisáhrifum tillögunnar er nú lögð fram til auglýsingar eftir samþykkt bæjarstjórnar. Tillaga hesthúsasvæðis Íþ2 felur í sér heild-

stæða stefnu fyrir allt hesthúsahverfið, bæði núverandi svæði og stækkun þess til suðurs. Deiliskipulagið byggir í megindrættum á núverandi fyrirkomulagi með áherslu á bættar reiðleiðir og þjálfunarsvæði. Á svæði til suðurs verður gert ráð fyrir nýjum lóðum og þannig fjölga notendum innan hesthúsasvæðisins. Kröfur um bættan aðbúnað hesta og manna hafa aukist á undanföllum árum og munu skilmálar um byggingu nýrra húsa og breytingar á eldri húsum taka mið af því. Deiliskipulagið nær til alls hesthúsahverfisins, sem er núverandi keppnis- og hesthúsasvæði og stækkaðs hesthúsasvæðis, samtals um 27 ha. Deiliskipulagsmörkin ná einnig yfir hluta af opnu svæði milli Langholts og hesthúsahverfis vegna fyrirhugaðs reiðstígs þar. Stækkun núverandi svæðis er um 7 ha að stærð. Á nýja svæðinu næst Dísastaðarlandi er gert ráð fyrir 19 nýjum hesthúsum meðfram Bæjartröð. Lóðir eru af þremur stærðum, og er gert ráð fyrir að innan þeirra verði heimilt að byggja stakstæð hús eða parhús. Hestagerði eru staðsett sunnan við hús beggja megin götu til að tryggja sól og skjól frá ríkjandi vindáttum. Auk 19 hefðbundinna hesthúsa er gert ráð fyrir tveimur stærri lóðum fyrir hesthúsa með litlum reiðskemmum. Skilmálar eru settir fyrir byggingu nýrra hesthúsa og eins eru settir fram skilmálar um mögulega endurbyggingu eldri húsa. Byggingarmagn á keppnissvæði er aukið umtalsvert, bæði fyrir fípo keppnishöll en einnig fyrir minni hús til þjálfunar og fyrir áhorfendastúkur. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036, þar sem svæðið er skilgreint með landnotkunina Íþ2 hesthúsasvæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is Skipulagstillögur nr. 1-2 eru í kynningu frá 13. maí 2026, til og með 5. júní 2026. Skipulagstillögur nr. 3-5 eru í auglýsingu frá 13. maí 2026, til og með 26. júní 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Vígús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

Gott að eldast í Sveitarfélaginu Árborg

Hér í Árborg eigum við ótrúlega auðugt félagsstarf sem endurspeglast í starfsemi félaga eldri borgara á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri. Óflug félög sem halda úti fjölbreyttu starfi og mikilvægt að samfélagið styðji þau með sem bestum hætti.

Aukin lífsgæði

Með auknum lífsgæðum undanfarna áratugi eigum við raunhæfari möguleika á að halda betri heilsu þegar við eldumst. Ein af lykiláherslunum eru góðar forvarnir sem bæta bæði líkamlega og andlega heilsu. Það gefur okkur öllum aukin þrött, möguleika til að búa sem lengst á eigin heimili og vera virkari í samfélaginu. Góðar forvarnaraðgerðir á öllum aldurskeiðum geta nefnilega skilað mikilli efnahagslegri hagræðingu til framtíðar.

Þess vegna er það mjög mikilvægt að sveitarfélagið veiti eldri íbúum góða þjónustu og að hún sé markviss og skilvirk.

D-listinn í Árborg vill því vinna að:

- Áframhaldandi samstarfi við



Bragi Bjarnason

Bæjarstjóri og oddviti D-listans í Árborg

KOSNINGAR 2026

félög eldri borgara í Árborg með stuðningi og reglulegum fundum

- Halda starfsemi "tengiráðgjafa" í verkefninu Gott að eldast
- Auknu samstarfi ungmennaráða og skóla við félög eldri borgara
- Efla heilsueflingu fyrir eldri borgara enn frekar
- Ljúka við endurbætur á félagsaðstöðu í Grænumörk og byggja upp afþreyingarmöguleika á Sýslumannstúninu á Selfossi
- Skipulagningu fjölbreyttra íbúða fyrir 60 ára og eldri á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri

Við sem samfélag eigum að halda vel utan um málefni eldri borgara og auka möguleika til heilsueflingar og þjónustu í nærsamfélaginu.

Góð, betri, best

Við sem búum í sveitarfélaginu Árborg eigum flest sameiginlegt að hafa á einhverjum tímamarki staðið fram fyrir því að velja okkur búsetu. Við völdum öll það samfélag sem við töldum best að tilheyra, til að ala upp börnin okkar og eldast. Árborg býr yfir gæðum sem laða að. En hvað fylgir því að búa í gæðasamfélagi?

Tíðindi síðustu daga eru að rekstur sveitarfélagsins er upp á við, sem er vel. En það er engin fjármálasnilld þar að baki sem sneri rekstrinum við. Það er búið að fara yfir það. Leitað var til íbúa um að leysa vandann. Svo má halda því til haga að það á ekki að teljast til afreka að reka opinberan sjóð yfir núllinu.

Gæðastefna

En hvað svo? Verkefni næstu ára er tryggja að við lærum af þessu og sjá til þess að sagan endurtaki sig ekki. Sem einstaklingar í framboði til að leiða sveitarfélagið ber okkur skylda að setja okkur gæðastefnu og skýrt verklag, ekki bara í fjármálum sveitarfélagsins, heldur í allri ákvarðanatöku. Við viljum skýra og gagnsæja gæðafarla.



Heiðrún Kristmundsdóttir

Oddviti Vöðreinar í Árborg

KOSNINGAR 2026

Þetta er ekki bara til að tryggja jafnræði heldur einnig jafnrétti í ákvarðanatöku. Hvort sem er um ræðir afgreiðslu mála eða upplýsingaflæði til íbúa.


Framtíðarsýn

Hvernig verðum við góð, og svo best? Ákvarðanir teknar í dag þurfa að eldast vel, jafnvel þó litið sé tugi ára fram í tímann. Gæði í ákvarðanatöku og verkefnum tryggja, svo dæmi sé tekið, að ákvarðanir teknar á stjórnsýslustigi bori ekki gat í veski íbúa. Við eigum að nýta okkur tæknina til að styðja starfsfólk, bæta ákvarðanatöku og tryggja betri nýtingu almannaaffjár. Slík nálgun er ekki aðeins grundvöllur góðrar stjórnsýslu, heldur lykkillinn að því að skapa gæðasamfélag þar sem fólk vill búa til framtíðar. Því það er jú ástæða þess að við völdum að búa hér, ala upp börnin okkar og eldast.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



Hægt er að senda inn fréttatilkynningar á netfangið dfs@dfs.is

Það er ekkert „við og þið“, aðeins eitt samfélag

Umræða um búsetu og skipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið áberandi að undanförunu. Sú umræða er mikilvæg enda snýr hún að framtíð sveitarfélagsins, uppbyggingu þess og þjónustu við íbúa. Til þess að umræðan verði málefnaleg þarf hún að byggja á staðreyndum og heildstæðri sýn á samfélagið eins og það er í dag.

Í sveitarfélaginu býr fjölbreyttur hópur fólks. Sumir eru með skráð lögheimili en aðrir með ótilgreint lögheimili, sem Þjóðskrá hefur staðfest að sé lögmat skráning. Samkvæmt 2. og 4. gr. laga um lögheimili nr. 80/2018 njóta þessir hópar sambærilegra réttinda og samkvæmt 12. og 13. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 ber sveitarfélaginu að veita þeim þjónustu á sama grundvelli. Báðir hópar leggja jafnframt sitt af mörkum til reksturs sveitarfélagsins með fasteignagjöldum, þjónustugjöldum og útsvari.

Gögn fyrir árið 2025 sýna skýra mynd af tekjugrunni sveitarfélagsins. Af 972 milljónum króna í fasteignasköttum komu 603 milljónir frá frístundahúsum, eða rúmlega 62%. Útsvarstekjur námu 427 milljónum króna þar af greiddu íbúar með ótilgreint lögheimili

um 90 milljónir og þjónustugjöld frá frístundahúsum um 130 milljónum. Samanlagt lögðu eigendur frístundahúsa og íbúar með ótilgreint lögheimili til um 823 milljónir króna í tekjur sveitarfélagsins. Árið 2026 má gera ráð fyrir að þær tekjur fari vel yfir 900 milljónir króna.

Hagkerfi Grímsnes- og Grafningshrepis.

Stór hluti atvinnulífs sveitarfélagsins byggir jafnframt á þjónustu við frístundahús og eigendur þeirra. Tekjur tengdar þessum hópi eru því ein af meginstoðum þeirrar uppbyggingar og þjónustu sem sveitarfélagið stendur fyrir.

Margt bendir til þess að raunfjöldi þeirra sem búa í frístundahúsum sé meiri en opinber skráning gefur til kynna. Þótt um 150 einstaklingar séu skráðir með ótilgreint lögheimili í upphafi árs 2026 er líklegt að raunfjöldinn sé nær 200–300 manns. Sá hópur sem ekki er skráður í sveitarfélaginu greiðir útsvar annars staðar og þar með missir sveitarfélagið af tekjum sem gætu stutt við frekari uppbyggingu.

Samkvæmt reglum Þjóðskrár þarf sá sem skráir ótilgreint lögheimili að sýna fram á raunverulega búsetu í sveitar-

félaginu. Það er því ekki sveitarfélagsins að ákveða hverjir kjósa að eiga þar lögheimili sitt, heldur ráðast slíkar skráningar af lögum og reglum. Hlutverk sveitarfélagsins er hins vegar að bregðast við þróun samfélagsins og tryggja að þjónusta og innviðir þróist í takt við raunverulegan íbúafjölda.

Aðsetursskráning og skipulag.

Borið hefur á misskilningi hjá A-listanum varðandi stöðu þeirra íbúa sem skrá lögheimili sitt ótilgreint í sveitarfélaginu. Sá misskilningur virðist byggja á skorti á kynningu á mála-flokknum og takmörkuðum skilningi á afstöðu Þjóðskrár, ráðuneyta og gildandi laga, þar á meðal laga nr. 80/2018 og nr. 40/1991.

Íbúar með ótilgreint lögheimili eru ekki að óska eftir breytingu á skipulagi frístundahúsa í íbúðarhúsi nema í örfáum tilfellum. Um er að ræða svokallaða B-skráningu eða aðsetursskráningu þar sem deiliskipulag helst óbreytt, ásamt takmörkunum á ákveðinni þjónustu eins og snjómokstri eða sorphirðu heim að húsi. Þetta snýst því ekki um að veikja skipulagsvald sveitarfélagsins heldur um að bregðast við raunverulegri búsetuþróun.

Fjölgun íbúa, auknar tekjur.

Það er markmið allra sveitarfélaga að laða að nýja íbúa, efla atvinnulíf og skapa grundvöll fyrir frekari uppbyggingu. Með fjölgun íbúa skapast tækifæri til sterkari þjónustu, aukinnar atvinnusköpunar og frekari uppbyggingar á borð við verslunar- og þjónustulöðir á Borg.

Meginatriðið er einfalt: kostnaður sveitarfélagsins vegna aukins íbúafjölda er í grunninn sá sami hvort sem fólk býr í íbúðarhúsi, á jörð eða í frístundahúsi. Sá kostnaður er jafnframt fjármagnaður með auknum útsvarstekjum og öðrum tekjum sem nýir íbúar skila sveitarfélaginu. Nýir íbúar verða því ekki byrði heldur þátttakendur í að styrkja samfélagið.

Samfélagið getur staðið undir frekari uppbyggingu innviða, svo sem skóla, leikskóla og betri lausnum í skólaakstri. Reynslan frá öðrum sveitarfélögum sýnir að hægt er að finna raunhæfar lausnir sem taka mið af þörfum barna og fjölskyldna í dreifbýli.

Sameiginleg framtíð og jákvæð afstaða.

A-listinn virðist hins vegar ekki ætla að bregðast við þeirri þróun sem þegar á sér stað í sveitarfélaginu. Afstaðan sem



Viðar Marinósson

4. sæti Ö – lista Betri sveitar í Grímsnes- og Grafningshreppi

KOSNINGAR 2026

þar birtist einkennist fremur af stöðnun en framtíðarsýn, þar sem áhersla er lögð á að draga upp neikvæða mynd í stað þess að vinna að raunhæfum lausnum og sameiginlegri sýn fyrir samfélagið. Ábyrg stjórnarsýsla felst í því að leita leiða og skapa lausnir, ekki að mála skrattann á vegginn áður en möguleikar hafa verið skoðaðir.

Sveitarfélagið þarf á samstöðu, framsýni og ábyrgri uppbyggingu að halda, ekki hræðsluáróðri eða átökum sem skipta íbúum í fylkingar. Verkefnið fram undan er að byggja upp sterkt samfélag sem tekur mið af raunveruleikanum og nýtir þau tækifæri sem felast í fjölbreyttari búsetu og fjölgun íbúa.

Það er markmið Betri sveitar, Ö-listans, að styðja við samfélagið með ábyrgri uppbyggingu, jafnræði og sanngirni fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

Það er ekkert „við og þið“.
Það er aðeins við öll saman.

Vinnum þetta saman!

Þrengjum ekki að hafnarsvæðinu með íbúabyggð. Skipulagsmál eiga að snúast um að auka lífsgæði íbúa og stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi.

Tryggjum öryggi eldri borgara með bakvakt og bætum félagsstarf þeirra með stuðningi sveitarfélagsins. Berjumst fyrir hjúkrunarheimili með réttum leiðum.

Eflum íbúalýðræði og virkjum raddir allra íbúa.

Stóreflum fristundastarf og félagsmiðstöð og styðjum betur við velferð ungs fólks.



**Samfylkingin
og félagar í Ölfusi**



Árlegur hreinsunardagur í Kotstrandarkirkjugarði



Sunnudaginn 17. maí kl. 10-14 efnið kirkjugarðsnefnd Kotstrandarkirkjugarðs til hreinsunardags í garðinum. Þá er tilvalið að nota tækifærið að snýrta leiði ástvína eða taka þátt í hreinsun og viðhaldsverkefnum í garðinum. Boðið verður upp á hressingu í hádeginu.

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Sandlækur 2 L166591; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2512021

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 6. maí 2026 að kynna breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að sett verður inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði sem nær yfir Sandlæk 2 L166591, Sandlæk 1 land 4 L212043, Sandlæk 1 lóð 5 L217870, Sandlæk 2 lóð L209688 og Sandlæk 1 L201306. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Markmið með breytingunni er að heimila gistingu fyrir allt að 40 gesti á um 3 ha svæði. Föst búseta verður áfram á svæðinu og heimilað verður að halda áfram búskap. Umsagnir og athugasemdir bærast við kynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

2. Húsatóftir 2A L191340; Skilmálabreyting VP5; Aðalskipulagsbreyting - 2604037

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. maí 2026, að auglýsa niðurstöðu sveitarfélagsins er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi á skilmálum fyrir verslunar og þjónustusvæði VP5 í gildandi Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er verið að fjölga gistiplássum og fjölda gesta innan verslunar- og þjónustusvæðis VP5 fyrir Húsatóftir 1la ásamt því að breyta staðfangi í Húsatóftir 5. Engin breyting er á aðkomu eða afmörkun svæðis. Engin viðbótaruppbygging er fyrirhuguð heldur en einungis verið að innrétta núverandi byggingar og nýta þær betur. Gistirýmum fjölga úr 10 í 18, og gestafjöldi hækkar úr 20 í 36.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 13. maí 2026 með athugasemdarfresti til og með 4. júní 2026.

Mál 2. er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Til forystu fyrir Árborg

Sveitarfélagið Árborg stendur á krossgötum. Undanfarin ár hafa einkennst af miklum vexti og uppbyggingu, en á sama tíma hafa íbúar og fyrirtæki þurft að taka á sig óhóflegar skattahækkningar ásamt miklum hækkunum á gjaldskrár sveitarfélagsins og hærri fasteignagjöldum. Við teljum að hægt sé að gera betur með skýrari forgangsriðun, ábyrgari fjármálastjórn og um leið standa með hagsmunum íbúanna okkar.

Samfylkingin og óháðir í Árborg vilja leiða breytingar sem skila raunverulegum ávinningi fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. Við setjum ávallt almannahagsmuni og jöfn tækifæri í forgang og leggjum fram skýra stefnu þar um með hagsmuni heimila og fyrirtækja í fyrirrími.

Í fyrsta lagi viljum við lækka fasteignagjöld og aðrar álögur í áföngum á kjörtímabilinu. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins þarf að vera sjálfbær. Hún má ekki byggjast á óhóflegri skattheimtu á heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Með markvissari rekstri, skynsamlegri forgangsriðun fjármuna, bættari áætlanagerð og betri yfirsýn yfir fjár-

festingar er svigrúm til að létta verulega undir með íbúum og fyrirtækjum.

Í öðru lagi ætlum við að bæta stöðu barnafjölskyldna með því að setja þak á leikskólagjöld, tryggja 100% systkinaafslátt og fjölga leikskólarymum. Það er bæði réttlætismál og skynsamleg fjárfesting til framtíðar að tryggja að öll börn hafi aðgang að leikskólaplássi eftir að fæðingarorlofi lýkur svo báðir foreldrar hafi raunhæfa möguleika til þátttöku á vinnumarkaði.

Í þriðja lagi viljum við nýta velferðartækni markvisst til að bæta þjónustu við eldra fólk. Með einföldum lausnum er hægt að auka öryggi í heimahúsum, styðja við sjálfstætt líf og létta álag á þjónustukerfið. Með frekari samþættingu á þjónustu milli HSu og Árborgar getum við bæði aukið og einfaldað þjónustu við eldra fólk og tryggt því aukin lífsgæði sem sannlega undirstrika að það sé gott að eldast í Árborg.

Við trúum því að Sveitarfélagið Árborg geti gert betur við bæði auknið og einfaldað þjónustu við eldra fólk og tryggt því aukin lífsgæði sem sannlega undirstrika að það sé gott að eldast í Árborg.



Sigurjón Víðalín Guðmundsson

Oddviti Samfylkingarinnar og óháðri í Árborg

KOSNINGAR 2026

Það krefst nýrrar sýnar, markvissra ákvarðana til framtíðar og forystu sem setur íbúana í fyrsta sæti.

Nýtum kosningaréttinn!

Nú er komið að ykkur, kærur íbúar í Árborg. Kosningarétturinn er einn af hornsteinum lýðræðisins, þar sem íbúar sem hafa kosningarétt fá tækifæri til að hafa áhrif á framtíð samfélagsins. Með þátttöku mótum við stefnu næstu ára. Með virkri þátttöku tryggjum við að meirihluti bæjarstjórnar endurspeglar vilja íbúanna og starfi með skýru umboði.

Nýtum kosningaréttinn og setjum X við S. Með þínum stuðningi erum við tilbúin að leiða nýjan meirihluta í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar eftir kosningarnar nk. laugardag 16. maí.

Ævintýra- og útivistarsvæði í Hveragerði

Okkar Hveragerði hefur lagt kapp á að leita leiða til að draga fram þá töfra sem finna má í Hveragerði, til að undirstrika að hér í fallega bænum okkar eru rik tækifæri til samveru og útivistar fyrir allan aldur, bæði í ósnortinni náttúru og á skipulögðum útivistar- og leiksvæðum.

Ævintýrasvæðin sem finna má víða í bænum okkar einkennast að mörgu leyti af skemmtilegum krókum og kimum sem sköpuðust við uppbyggingu hans á árum áður, oft án þess að sérstaklega væri að því hugað. Í æsku margra Hvergerðinga voru þessi svæði vettvangur ýmissa misgáfulegra prakkarastrika og dásamlegra stunda og í þeim felast ákveðnir töfrar og einstök gæði.

Unnið hefur verið að nánari útfærslu á einu slíku ævintýrlegu útivistar- og leiksvæði í svokölluðum Leynilundi á milli Dynskóga og Laufskóga, með aðkomu frá Varmahlíð. Undirritaðar hvetja bæjarbúa til að leggja leið sína á þetta fallega svæði, en fyrirhugað er að hefja uppbyggingu á svæðinu á árinu 2026.

Á kjörtímabilinu hefur jafnframt verið unnið að margvíslegum úrbótum og viðhaldi á þeim útivistar- og leiksvæðum sem fyrir eru í bæjarfélaginu í takt við áherslur á fjölskylduvænt umhverfi. Til að mynda var tímabundnu leiksvæði komið upp í Kambalandi þar til lokið hefur verið við frágang leiksvæðis sem fyrirhugað er

á svæðinu til framtíðar ásamt því að unnið er að undirbúningi leiksvæðis í austurhluta Heiðmerkur með sérstakri áherslu á aðgengi fyrir hreyfihamlaða.

Þá hefur verið unnið að úrbótum og uppbyggingu á hundasvæðum bæjarins. Meðal annars hefur nýtt smáhundasvæði litið dagsins ljós innan bæjarmarkanna ásamt leiktækjum.

Á komandi árum biður Hvergerðinga spennandi verkefni sem felst í nánari útfærslu og uppbyggingu útivistarsvæðis undir Hamrinum - sem er mikið ævintýrasvæði með ríkum tækifærum til útivistar, hreyfingar, tímstundaiðkunar og útínáms. Það má með sannri segja að löngu sé orðið tímabært að skapa svæðinu undir Hamrinum umgjörð sem sámi þessari perlu bæjarfélagsins.

Okkar Hveragerði vill meðal annars leggja áherslu á eftirfarandi þætti í uppbyggingu útivistar- og leiksvæða á komandi árum:

Byggja upp nýtt útivistar- og leiksvæði í Kambalandi.

Þróa skógar- og náttúruleiksvæði undir Hamrinum í samstarfi við Skógræktarfélagið.

Efla og endurnýja leiksvæði um bæinn með áherslu á Leynilund á milli Dynskóga og Bláskóga, útisvæði Bungubrekku og uppbyggingu leiksvæðis við Heiðmörk 66 þar sem sérstök áhersla verður á aðgengismál.

Fjölga körfuboltavöllum og setja upp hjólabraut (pump track).



Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir

2. sæti á lista Okkar Hveragerðis

KOSNINGAR 2026



Brynja Hrafnkelsdóttir

6. sæti á lista Okkar Hveragerðis

KOSNINGAR 2026



Sandra Lind Brynjarsdóttir

4. sæti á lista Okkar Hveragerðis

KOSNINGAR 2026

Koma upp viðbótar hoppubelg austan Breiðumerkur.

Þróa skynjunar- og upplifunargarða sem styðja við andlega heilsu, náttúrulæsi og núvitund íbúa t.d. í Lystigarði og við Varmá.

Styðja við uppbyggingu framtíðaraðstöðu undir Hamrinum fyrir Skátáfélagið Strók.

Okkar Hveragerði hlakkar til áframhaldandi samtals við íbúa um hvernig bæta megi enn frekar fallegu útivistar- og leiksvæðin í fallega bænum okkar.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Arnessyslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krukus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



LÖGGILTUR RAFVERKTAKI
Á SUÐURLANDI
Tómas Örn
Sími: 897 2027
tommisnorra@gmail.com

Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
14. maí kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 14. maí kl. 14:45

UPPSTIGNINGARDAGUR
MESSA Í SELFOSSKIRKJU

Kaffihlaðborð kvennfélagsins
verð 1.500 kr.

Eldri borgarar í Hveragerði eiga meira skilið

Hveragerði á að vera samfélag fyrir alla – líka þegar við eldumst. Margt er mjög vel gert í þjónustu við eldri borgara. Öflugt starf Félags eldri borgara hefur skapað mikilvægan vettvang fyrir samveru, hreyfingu og virkni. Þá er innleiðing samþættrar heimaþjónustu – þar sem heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta vinna saman – skref í rétta átt. En það er ekki nóg.

Of margir eldri borgarar búa enn við félagslega einangrun. Þrátt fyrir gott félagsstarf ná úrræðin ekki til allra. Þar þarf sveitarfélagið að stíga fastar inn og taka meiri ábyrgð. Við á S-listanum viljum ná betur til þeirra sem standa utan sam-

félagsins og tryggja að enginn verði eftir, meðal annars með sterkari tengingu milli félagsstarfs og heimaþjónustu og framlagi frá sjálfboðaliðum. Þá þarf að huga að fjölgun dagdvalarrýma í bænum þegar hlutfall eldra fólks fer vaxandi. Dagdvöl er afar mikilvæg fyrir þá sem búa heima en hafa þörf fyrir stuðning yfir daginn og til að léttu undir með ástvinum.

Nýtum möguleika velferðartækni

Við viljum einnig setja velferðartækni í forgang – án þess þó að hún komi nokkru sinni í stað mannlegra samskipta og innlits heimaþjónustunnar. Með réttu notkun getur tækni aukin öryggi, bætt þjónustu og styrkt sjálfstæði. Skjáheimsóknir og skynjarar sem greina fallslys eða frávik í daglegri rútinu eru dæmi um lausnir sem þegar eru til staðar hér á landi. Hér í Hveragerði vantar hins vegar skýra stefnu um notkun velferðartækni og fræðslu á því sviði. Með markvissri innleiðingu ætti velferðartækni að geta nýst öllum þeim sem á þurfa að halda.

Græn svæði eru lýðheilsuátt

Náttúran er einn helsti styrkleiki Hveragerðis. Græn svæði og gönguleiðir eru ekki bara fegurð – þau eru lýðheilsuátt. Regluleg útvera bætir bæði líkamlega og andlega heilsu og getur dregið úr félagslegri einangrun. Við viljum tryggja



Þorsteinn Hjartarson

2. sæti S-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026



Þorsteinn Hjartarson

14. sæti S-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026



aðgengi fyrir alla með öruggum stígum, bekkjum og góðri aðstöðu sem hvetur til útveru og samveru.

Við á S-listanum ætlum að berjast gegn félagslegri einangrun með markvissum aðgerðum

hraða innleiðingu velferðartækni

efla aðgengi að grænum svæðum

þróa þjónustu í virku samstarfi við notendur og Félag eldri borgara

Nálgun S-listans er einföld: við viljum ekki þróa þjónustu fyrir fólk – heldur með fólki. Þrátt fyrir að eldri borgarar í Hveragerði búi við góða þjónustu í dag eiga þeir rétt á enn betri þjónustu á morgun.

Greinarhöfundar eru eldri borgarar og frambjóðendur á S-listanum í Hveragerði

Góð frammistaða Berserkja

Berserkir BJJ sendu þrjá keppendur til leiks á Mjólnir Open 20 sem haldið var laugardaginn 25. apríl. Keppendurnir voru þeir Þröstur Valsson, Fannar Júlíusson og Egill Blöndal.

Mjólnir Open er opið mót þar sem flest brögð eru leyfð og keppendur eru ekki flokkaðir eftir beltastigum, sem gerir keppnina sérstaklega krefjandi þar sem reyndari og minna reyndir keppendur mætast.

Fannar Júlíusson hóf keppni af krafti og sigraði fyrstu glímu sína með öruggum hætti, en laut í lægra haldi í annarri glímu sinni gegn síðar sigurvegara flokksins. Þröstur Valsson átti í erfiðleikum í sínum þyngdar-

flokki, en bætti upp fyrir það í opnum flokki þar sem hann vann sannfærandi sigur á töluvert reyndari andstæðingi og sýndi þar miklar framfarir.

Egill Blöndal keppti í -99 kg flokki þar sem níu keppendur tóku þátt og stóð uppi sem sigurvegari eftir fína frammistöðu.

Úrslit keppenda Berserkja voru eftirfarandi: Þröstur Valsson hafnaði í 5. sæti í +99 kg flokki og opnum flokki, Fannar Júlíusson endaði í 9. sæti í -77 kg flokki og Egill Blöndal tryggði sér 1. sæti í -99 kg flokki.

Frammistaða keppendanna var góð og sýnir aukinn styrk og framfarir hjá félaginu.



Fv. Þröstur Valsson gegn Rögnvaldi í opna flokknum og Egill Blöndal á mynd á hægri hönd Mynd: Aðsend.

Skólahald við ströndina

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er meira en skóli. Hann er hjarta samfélagsins við ströndina, hann er mikilvægur þáttur í því að halda uppi lifandi byggð, öflugum félagslífi og framtíðarsýn fyrir fjölskyldur, skóli er almennt forsenda fyrir búsetu. Það skiptir máli fyrir þorpin okkar að þar sé sterkt skólastarf. Án þess veikist grunnur samfélagsins.

Skólinn er einn, en starfar á tveimur stöðum; yngra stig á Stokkseyri og eldra stig á Eyrarbakka. Það þýðir að á báðum stöðum þarf að vera húsnæði sem er varanlegt, vel búið og hannað með það að markmiði að styðja við öflugt og framsækið skólastarf til framtíðar.

Jafnræði innan eins sveitarfélags

Árborg er eitt sveitarfélag. Það er einföld staðreynd, en því miður er það ekki alltaf sýnilegt og vill það stundum verða þannig að íbúar við ströndina gleymast og upplifun okkar er stundum eins og við skiptum ekki máli. En staðreyndin er sú að Árborg er eitt sveitarfélag og sú staðreynd kallar á skýra skyldu bæjaryfirvalda: að öll börn njóti jafnræðis, óháð búsetu.

Börn við ströndina eiga ekki að standa höllum fæti miðað við börn á Selfossi þegar kemur að:

- aðstöðu til náms
- faglegum stuðningi
- íþrótt- og tómstundaaðstöðu

Ef einhver munur er á, þá er það verkefni sveitarfélagsins að leiðrétta hann en ekki réttlæta hann.

Sérstaða sem styrkur

Saga skólans er merkileg. Hann er elsti starfandi grunnskóli landsins og hefur gegnt lykilhlutverki í samfélaginu í yfir 170 ár. Sú saga skiptir máli, en hún má ekki verða afsökun fyrir því að fresta nauðsynlegum ákvörðunum. Það er ekki sjálfgefið að skóli starfi samfellt í yfir 170 ár. Það hefur aðeins tekist vegna þess að kynslóðir hafa lagt sitt

af mörkum. Þess vegna er mikilvægt að hafa það í huga að við eigum ekki bara að varðveita skólann. Við eigum að efla hann.

Uppbygging – ekki bráðabirgðalausnir

Það er sérstaklega brýnt að horfa til uppbyggingar á Eyrarbakka. Í byrjun þessarar aldar voru áform um að byggja nýtt húsnæði bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka, húsnæðið á Stokkseyri kom, en ekkert bolar á nýju húsnæði á Eyrarbakka. Ekki er hægt að líta til framtíðar með lausnum sem byggja á bráðabirgðahúsnæði til lengri tíma.

Ef við ætlum að taka menntun barna alvarlega, þá þarf:

- skýra stefnu um framtíðarhúsnæði
- fjárfestingu í varanlegum lausnum
- og vilja til að byggja upp aðstöðu sem stenst nútímakröfur

Sama á við um aðstöðu til íþróttar og heilsuefingar. Það er ekki aukaatriði, heldur er það mikilvægur hluti af heildstæðu námi barna.

Það þarf að bæta aðstöðu til íþróttakennslu við skólann og horfa sérstaklega til sundaðstöðu.

- Er aðstaða nemenda við ströndina sambærileg við það sem þekktast annars staðar í sveitarfélaginu?
- Hvernig ætlum við að tryggja að öll börn fái jafnan aðgang að íþróttum og sundi sem hluta af sínu námi?

Þetta eru spurningar sem ekki er hægt að víkja sér undan.

Spurningar til þeirra flokka sem bjóða fram í kosningunum 16.maí

Nú þegar kosningar nálgast er eðlilegt að kalla eftir skýrum svörum:

- Hvernig ætlið þið að tryggja raunverulegt jafnræði barna í Árborg?
- Hver er ykkar framtíðarsýn fyrir Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri?



- Ætlið þið að ráðast í varanlega uppbyggingu, eða er markmiðið halda áfram með bráðabirgðalausnir?
- Hvernig hyggist þið efla íþrótt- og sundaðstöðu fyrir nemendur við ströndina?

Þetta snýst ekki aðeins um byggingar eða skipulag. Þetta snýst um framtíð barna í sveitarfélaginu og um það hvort við viljum vera samfélag sem setur menntun í forgang.

Framtíðin mótast nú

Menntun barna er eitt mikilvægasta verkefni sveitarfélagsins. Hún á að byggja á fagmennsku, framsýni og jafnræði. Það er því eðlileg krafa íbúa að málefni Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri fái skýra umræðu og að framboðslistar setji fram raunhæf og ábyrg svör.

Það má ekki vera svo að búseta innan sveitarfélagsins hafi áhrif á þau tækifæri sem börn fá til náms og þroska. Slíkt samræmist hvorki markmiðum nútímans né þeim gildum sem við viljum standa fyrir.

Við verðum að gera þá kröfu að búseta innan sveitarfélagsins hafi ekki áhrif á tækifæri barna. Það er ekki aðeins sanngirnismál heldur er það er grundvallaratriði.

Með von um skýr svör og stefnu í þessum mikilvæga mála-flokki

*Sædis Ósk Harðardóttir
Íbúi á Eyrarbakka og foreldri
barna við Barnaskólann á
Eyrarbakka og Stokkseyri*

Laufdal og Drangar undirrita viljayfirlýsingu um samstarf í Miðtúni 1

Laufdal og Drangar hf. undirrituðu þann 27. apríl 2026 viljayfirlýsingu um samstarf sem snýr að uppbyggingu verkefnisins Miðtún 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Viljayfirlýsingin markar upphaf formlegra viðræðna milli aðila um frekari þróun verkefnisins.

Fyrir hönd Laufdals undirrituðu Eyjólfur Fannar Eyjólfsson og Nökkvi Páll Jónsson. Fyrir hönd Dranga undirritaði Auður Danielsdóttir, forstjóri Dranga félagsins. Við undirritunina voru einnig viðstödd Ása Valdís Arnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshreypps, og Fjóla Steinþóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri.

„Undirritun viljayfirlýsingarinnar er mikilvægt skref í áframhaldandi þróun Miðtúnsreitsins. Við höfum unnið markvisst að þróun svæðisins undanfarin ár og sjáum skýr tækifæri til að styrkja þjónustugrunn þess í takt við vaxandi umsvif og eftirspurn. Samstarf við Dranga fellur vel að þeirri sýn og skapar grundvöll fyrir næstu skref í verkefniinu,“ segir Eyjólfur Fannar Eyjólfsson meðeigenda Laufdals.

Stefnt að uppbyggingu atvinnuhúsnæðis

Samkvæmt viljayfirlýsinguinni er stefnt að byggingu um 700 fermetra atvinnuhúsnæðis fyrir verslun ásamt tilheyrandi frágangi lóðar. Jafnframt er gert ráð fyrir samræmdri tímaáætlun um skipulag og framkvæmdir, auk viðræðna um frekari uppbyggingu á svæðinu, svo sem þjónustuinnviði, bílastæði og orkutengda innviði. Verkefnið snýr að uppbyggingu þjónustukjarna sem ætlað er að mæta vaxandi þörf fyrir verslun og þjónustu á svæðinu.

„Miðtún 1 er spennandi

verkefni og teljum við samstarfið tryggja góðan grundvöll fyrir þá uppbyggingu sem framundan er á svæðinu. Það eru vaxandi tækifæri á þessu svæði og skýr áhersla á þróun þjónustuinnviða sem rímar vel við markmið Dranga að bjóða viðskiptavinum góða þjónustupplifun.“ segir Auður Danielsdóttir, forstjóri Dranga

Stuðningur sveitarfélagsins við uppbygginguna

Miðtún 1 er hluti af stærra þróunarverkefni á svæðinu þar sem unnið er að uppbyggingu verslunar, þjónustu og ferðaþjónustu í Miðtúni 1–11. Innan þess ramma eru Miðtún 3–9 skilgreind sem lóðir fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi með möguleika á íbúðum á efri hæðum, á áberandi stað í einu fjölfarnasta ferðamannasvæði landsins.

Sérstök áhersla er jafnframt á Miðtún 11, þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu hótels með allt að 100 herbergjum. Verkefnið er lykilþáttur í að styrkja þjónustuframboð á svæðinu og skapa auknið virði til lengri tíma, meðal annars með því að styðja við vaxandi eftirspurn ferðaþjónustu á Suðurlandi.

Verkefnið eru á þróunarstigi og eru hluti af heildstæðri sýn um uppbyggingu þjónustukjarna sem mætir þörfum íbúa, fyrirtækja og ferðamanna.

„Uppbygging sem þessi styður við áframhaldandi þróun svæðisins og bætir þjónustu fyrir íbúa, fasteignaeigendur og gesti. Verkefnið fellur að þeirri stefnu sveitarfélagsins að efla innviði og skapa aðstæður fyrir sjálfbærar vöxt í takt við þróun svæðisins,“ segir Ása Valdís Arnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshreypps.



Á ljósmyndinni má sjá Smára Kolbeinsson sveitarstjórnarmann, Fjólu Steinþóru Kristinsdóttur sveitarstjóra, Björn Kristinn Pálmarsson vara oddvita, Nökkva Pál Jónsson meðeiganda Laufdals, Eyjólf Fannar Eyjólfsson meðeiganda Laufdals, Auði Danielsdóttur forstjóra Dranga, Ásu Valdís Arnadóttur oddvita, Auði Danielsdóttur forstjóra Dranga, Jón Anton Jóhannsson framkvæmdastjóri fasteignarþróunar Dranga, Ragnheiði Eggertsdóttur sveitarstjórnarmann. Mynd: Laufdal/Drangar

Málverkasýning Jóns Inga

Jón Ingi Sigurmundsson opnar málverkasýningu í Byggðasafni Árnesinga (Alpansal) á Eyrarbakka, fimmtudaginn 14. maí á uppstigningardag kl 14:00. Málverkasýningin er að öllum lík-

indum ein af síðustu sýningum Jóns Inga.

Myndefnið er frá Eyrarbakka, Grímsnesi, Tungum, Eyjafjöllum og alla leið yfir hafið til Kaupmannahafnar.

Jón Ingi verður á staðnum um helgar og helgidaga frá 14:00 til 17:00 en sýningin verður opin til 31.maí.



Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf



okuland.is

ÖKULAND



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennta · Gæði · Áreiðanleiki



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is



ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS



STÍFLULOSANIR

LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKODANIR

SÓNUM ÚT LAGNIR

LAGNAFÓÐRUN

ROTÞRÆR

FITUGILDRUR

SANDGILDRUR

SKÓLPHREINSISTÖÐVAR

HOLRÆSAHREINSUN

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKING
Á FRÁVEITUMÁLUM



510 1180 - 669 8441



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

